myndir hans bera sterkan svip af bókmenntum, þær eru yfirleitt þrungnar frásögnum og jafnvel einföld andlitsmynd kemur hugarfluginu á hreyfingu. Á stundum kveður svo rammt að þessu að sumar þær myndir, sem ekki fela í sér neinar beinar efnislegar opinberanir né athafnir á kynórasviðinu, virka ástþrungnari og höfða meira til skoðandans. Í öllu falli eru þær óræðari um leið og eitthvað í þeim ýtir við lífrænum kenndum manns.

Ég held að Flóki hafi um sumt dregið sig inn í skel sína síðustu árin sem hann lifði og einhvern veginn gustaði ekki eins af honum og áður. Þannig kom þetta mér fyrir sjónir en getur þó verið rangt, því svo kunnugur lífi hans var ég ekki, að ég geti fullyrt neitt hér um. Leiðir okkar Flóka lágu saman í Kaupmannahöfn vorið 1984 og hitti ég hann nokkrum sinnum. Hann var þá að vinna að ákveðnu verkefni og vildi gjarnan að ég liti á teikningarnar. Varð að samkomulagi að ég heimsækti hann í íbúð sem hann leigði af vini okkar Sigurði Oddgeirssyni, er þá bjó í Kulusuk.

Við lágum svo yfir þessum teikningum allt kvöldið jafnframt því sem við dreyptum á hvítvíni.

Eitthvað var gestgjafinn ekki ekki fullkomlega ánægður, þótt ég léti góð orð falla um ýmislegt í teikningunum og talaði þá eins og fagmaður við fagmann.

Sjálfur var hann auðsjáanlega ekki meira sáttur en svo við árangurinn, að er líða tók á kvöldið fór hann að gráta og byrgði höfuðið í höndum sér og var óhuggandi.

Ég sá þann kost vænstan að halda á braut, en bar mun meiri virðingu fyrir Flóka alla tíð eftir það. Hugsaði margt í strætisvagninum á leiðinni heim og minntist m.a. þess sem sellósnillingurinn Pablo Casals hafði að orðtæki: „Þeir sem geta ekki grátið, geta ekki heldur skapað mikla list.“

Hugur mannsins, sem fæðir af sér andríki og skapandi kenndir er skilja eftir sig líf og gróandi, telst ekki í þéttu formi sem stál og steinsteypa, ei heldur harka og óbilgirni, frekar ólgandi kvika — tilfinningahiti og hamslaus ást til þess sem lifir og hrærist.

Nýtt kvikmyndafélag

Hreyfimyndafélagið er nýr kvikmyndaklúbbur sem stúdentar við Háskóla Íslands hafa haft forgöngu um að stofna í samvinnu við Háskólabíó. Markmið klúbbsins er að standa fyrir reglulegum sýningum á gömlum meistaraverkum kvikmyndasögunnar og nýrri kvikmyndum sem vakið hafa athygli á kvikmyndahátíðum erlendis.

Auk háskólanema standa að klúbbnum framhalds- og sérskólanemar svo og kvikmyndagerðarmenn. Í stjórn klúbbsins sitja Bjarni Ármannsson, Einar Logi Vignisson, Guðbrandur Örn Arason, Friðbert Pálsson, Friðrik Þór Friðriksson og Skúli Helgason.

Fyrsta myndin sem Hreyfimyndafélagið sýndi var kínverska myndin Ju Dou eftir leikstjórann Zhang Yimou sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna í fyrra. Rauði lampinn eftir Yimou var tilnefnd til Óskarsins í ár og þreytti kappi við Börn náttúrunnar. Nýjasta mynd Zhang Yimou fékk gullverðlaun á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum fyrir nokkrum vikum.

Önnur mynd Hreyfimyndafélagsins verður THE WALL, tónlistarmynd Pink Floyd. Hún verður sýnd 21. október kl. 21.00 og 26. október kl. 17.00.

Um næstu mánaðarmót stendur til að halda kvikmyndahátíð þar sem megináhersla verður lögð á óháða ameríska kvikmyndagerð og gerð ódýrra mynda af sambærilegri stærðargráðu og íslenskar kvikmyndir. Friðrik Þór Friðriksson og Jim Stark hafa haft veg og vanda af skipulagningu hátíðarinnar. Von er á fjölda góðra gesta. Má þar nefna kvikmyndaleikstjórana Gregg Araki og Claire Denis auk Jim Stark. Einnig er von á að Jim Jarmusch og Aki Kaurismaki láti sjá sig.

Hvítlaukur

Áhrifaríkur og heilsubætandi gæðahvítlaukur. Lyktar, og bragðlaus. **Frysti þurrkaður. Allicin auðugur.** Með **germaníum.**



Fólk kaupir Ilja Rogoff aftur og aftur vegna gæðanna.

BÍÓ–SELEN UMB. SÍMI 76610

Tuttugu ára afmæli Háskóla-kórsins

Á þessu hausti eru liðin 20 ár frá stofnun Háskólakórsins. Hinn 24. október verður haldið upp á þessi tímamót með því að gamlir og nýir kórfélagar syngja saman við útskrift kandídata í Háskólabíói. Þá munu allir stjórnendur kórsins frá upphafi stjórna einu lagi.

Frá stofnun kórsins hafa verið sex stjórnendur: Rut Magnússon 1972-80; Hjálmar H. Ragnarsson 1980-83; Árni Harðarson 1983-89; Guðmundur Óli Gunnarsson 1989-90; Ferenc Utassy 1990-92.

Í haust tók svo nýr stjórnandi við, Gyða Halldórsdóttir. Að kvöldi 24. október verður afmælishóf í Ártúni sem hefst með borðhaldi og skemmtiatriðum kl. 20.00. Á eftir verður stiginn dans fram eftir nóttu. Enn er möguleiki að fá miða á afmælisfagnaðinn. Upplýsingar gefa Þóroddur í síma 42068, Kristjana í síma 27225 og Bára í síma 624194.


Sterkur og hagkvæmur auglýsingamiðill!

Morgunblaðið


REKSTRARÖRYGGI · ÖRYGGI · GOTT VERÐ · TÆKNINÝJUNGAR

hp PRENTARAR FRÁ HEWLETT-PACKARD


FRÁBÆRT SVART Á HVÍTU, FYRSTA FLOKKS Í LIT



Sá sveigjanlegasti, LaserJet IIID. *Prentar báðum megin á blöðin. Tveir bakkar gefa kost á mismunandi pappír og möguleiki er á sér umslagamatara. (8 blaðsíður á mínútu, 300 punkta upplausn, upplausnaraukning, tveir bakkar, tengjanlegur við net, möguleikar á PostScript)* ***Kr. 275.338.-***




Sá nettasti, LaserJet IIIP. *Tilvalinn á skrifborðið. Hentar vel þar sem gerðar eru kröfur um hámarksgæði við útprentun. Möguleiki er á tveimur bökkum. (4 blaðsíður á mínútu, 300 punkta upplausn, upplausnaraukning, einn bakki, tengjanlegur við net og möguleiki á PostScript)* ***Kr. 121.064.-***




Sá afkastamesti, LaserJet IIISi. *Vandaður, öflugur og hraðvirkur prentari með ótrúlega stækkunarmöguleika. Tilvalinn til tengingar á netkerfum. (16 blaðsíður á mínútu, 300 punkta upplausn, upplausnaraukning, tveir bakkar, tengjanlegur við net og möguleiki á PostScript, minni stækkanlegt upp í 17 Mb)* ***Kr. 417.424.-***




Sá hagkvæmasti, DeskJet 500. *Blekksprautuprentari sem fer nú sigurför um heiminn. Tæknin sem notuð er gefur upplausn á við vönduðustu geislaprentara. (240 stafir á sekúndu, 300 punkta upplausn, HP PCL3 samhæfður)* ***Kr. 44.450.-***



Sá litríkasti, DeskJet 500C. *Blekksprautuprentari með mikil gæði í litaprentun. Ómissandi fyrir þá sem prenta á glærur. (240 stafir á sekúndu, 3 mínútur blaðsíðan í litaham, 300 punkta upplausn, HP PCL3 samhæfður)* ***Kr. 82.786.-***



Sá stærsti í lit, PaintJet 300XL. *A3 blekksprautuprentari með hámarksgæði í útprentun hvort sem er í lit eða svart/hvítu. Prentarinn er mjög stækkanlegur og tilvalinn til tengingar á netkerfi. (1,5 mínútur blaðsíðan í lit, 300 punkta upplausn, möguleiki á netkortum, minni stækkanlegt upp í 18 Mb, 4 blekhylki með frumlitunum, HP PCL5 samhæfður)* ***Kr. 266.984.-***



HP ScanJet IIp myndlesari. *Gráskala myndlesari með 256 skuggaafbrigðum, allt að 1200 punkta upplausn, 10 sekúndur að lesa A4 blaðsíðu.* ***Kr. 99.083.-***



HP ScanJet IIc myndlesari. *Litamyndlesari með 16,7 milljón litaafbrigðum, allt að 800 punkta upplausn, 15 sekúndur að lesa A4 blaðsíðu.* ***Kr. 169.915.-***



ALVK 11321-122

Tæknival
SKEIFAN 17 - ☎ (91) 681665, FAX: (91) 680664

Heimilistæki hf
SÆTÚNI 8 SÍMI 69 15 15 ■ KRINGLUNNI SÍMI 69 15 20
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

ÖRTÖLVUTÆKNI
Skeifunni 17 · Sími: 68 72 20 · Fax: 68 72 60

TÆKNINÝJUNGAR · REKSTRARÖRYGGI · GOTT VERÐ ·